

**Nr. 094 / 13 Straumur EA 18****Vélarbilun og dreginn í var**

Skipaskr.nr. 2331  
Smíðaður: Hafnarfirði 1999, plast  
Stærð: 9,16 bt.  
Mesta lengd: 11,13 m Skráð lengd: 10,27 m  
Breidd: 2,8 m Dýpt: 1,27 m  
Vél: Volvo Penta 190 kW, 1999  
Fjöldi skipverja: 1



Straumur©Fiskifrétir

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmari Snorrasynti. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 19. júní 2013 var Straumur EA 18 á strandveiðum 10 sml norður af Skagatá. Veður: N 5 m/s.

Á veiðunum missti aðalvélin sjókælinguna og óskað var eftir aðstoð. Ásdís EA 250 dró bátinn í var inn fyrir Skagatá þar sem gert var við til bráðabirgða. Vélin var gangsett og siglt til Skagastrandar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að sögn skipstjóra hafði verið ólag á sjókælingunni um tíma en brugðist var við því með að lofttæma dæluna með spúlnum og náði hún þá upp þrýstingi. Gert var við sjódæluna áður en farið var í þessa sjóferð með því að skipta um dæluhjól og gera við gat á dæluhúsinu. Eftir að í land var komið var dælan tekin frá og kom á í ljós að bak hennar var laust svo ný dæla var tengd.

**Nefndarálit:**

Orsök bilunarinnar var lélegt viðhald.